



Verkefni endurskoðunarnefnda
Eftirlit með innra eftirliti og
innri endurskoðun

Nanna Huld Aradóttir
Liðsstjóri áhættuþjónusta Deloitte



Meginhlutverk og skyldur stjórnar

- Að stuðla að viðgangi félagsins og árangri til lengri tíma litið og hafa yfirumsjón með rekstrinum í heild og eftirlit með stjórnendum.
- Að sjá um að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt.
- Að hafa forystu, ásamt framkvæmdastjóra, um að móta stefnu og setja markmið og áhættuviðmið félagsins bæði til skemmri og lengri tíma.
- Að bera endanlega ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins. Til þess að axla þá ábyrgð þarf stjórnin að hafa yfirsýn yfir starfsemina og veita stjórnendum eðlilegt aðhald.
- Að hafa með höndum ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra félagsins.
- Að setja sér starfsreglur og leggja reglubundið mat á eigin störf


Stjórnarhættir fyrirtækja:

Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf og
Samtök atvinnulífsins: 3. útgáfu, júní 2009.

Hlutverk stjórnar

Hlutverk stjórnar:

- Stefnumörkun
- Markmiðssetning
- Eftirlit



Endurskoðunarnefnd – undirnefnd stjórnar


- Að stofna til undirnefnda getur bætt starfshætti í þeim málum sem stjórninni ber að annast og gert störf hennar markvissari.
- Undirnefndir starfa í umboði stjórnar og skulu a.m.k. árlega veita henni skýrslu um störf sín.
- Stjórn félagsins ber ábyrgð á skipun og störfum undirnefnda.
- Innra eftirlit
 - Stjórn félagsins ber ábyrgð á að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé reglubundið sannreynd.
 - Stjórn félagsins ætti, í samráði við endurskoðunarnefnd þess, að framkvæma með reglubundnum hætti úttekt á innra eftirliti og áhættustýringu félagsins og grípa til aðgerða til að bæta úr annmörkum, ef þörf krefur.

Innra eftirlit - Hlutverk

- Stjórn félags ber ábyrgð á að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé reglubundið og sannreynd.
- Endurskoðunarnefnd, framfylgir eftirlitshlutverki stjórnar.
- Forstjóri ber ábyrgð á uppbyggingu innra eftirlits hjá fyrirtækinu í heild sinni gagnvart stjórn.
- Stjórnendur bera ábyrgð á að byggja upp viðeigandi innra eftirlit innan þeirra starfseininga, sem undir þá heyra. (hanna, innleiða, viðhalda, skjala og tryggja virkni innra eftirlits.
- Starfsmenn gegna veigamiklu hlutverki í innra eftirliti fyrirtækisins og bera ábyrgð á að sinna sínum skyldum er snertir þeirra starfssvið.
- Innri endurskoðun bera að meta fyrirkomulag og sannreyna virkni góðra stjórnarháttá, innra eftirlits og áhættustýringar auk þess að byggja upp þekkingu þar sem það á við.

Hvað er innra eftirlit?

- Innra eftirlit er ferli sem mótast af stjórn fyrirtækis, stjórnendum þess og starfsmönnum. Tilgangur þess er að veita hæfilega vissu um að fyrirtækið nái eftirtöldum markmiðum:
 - Árangur og skilvirkni í starfseminni.
 - Áreiðanlegar fjárhagslegar upplýsingar.
 - Fylgni við lög og reglur.



www.COSO.org

Mat endurskoðunarnefndar á innra eftirliti

- Innri eftirlitskerfi geta verið misjafnlega skilvirk. Innra eftirlit getur verið metið skilvirkt ef stjórn og stjórnendur hafa hæfilega vissu um að:
 - Þeir skilja að hvaða marki markmiðum fyrirtækisins er náð.
 - Fjárhagslegar upplýsingar eru undirbúnar á áreiðanlegan hátt.
 - Viðeigandi lögum og reglum sé fylgt.
- Eðlilegast er að endurskoðunarnefndin leggi áherslu á innra eftirlit og áhættustýringu út frá áreiðanleika fjárhagsupplýsinga.
- Endurskoðunarnefndin verður að hafa það mikla yfirsýn yfir áhættustýringu og innra eftirlit fyrirtækisins að hún geti lagt sjálfstætt mat á áhrif þessara þátta á áreiðanleika reikningsskila og annarra fjárhagsupplýsinga.
- Þetta þýðir að endurskoðunarnefndin þarf að leggja sjálfstætt mat á innra eftirlit og áhættustýringu hjá fyrirtækinu, þ.m.t :
 - að hafa nægilegan skilning á innri eftirliti og áhættustýringu fyrirtækisins, og
 - fara reglulega yfir skýrslur stjórnenda fyrirtækisins varðandi helstu reikningshaldslegu áhættur, ásamt því að meta sérstaklega hvort stýring á þeim áhættum sé virk og árangursrík.

Upplýsingagjöf til endurskoðunarnefndar

- Innri endurskoðun ber að prófa virkni innra eftirlits og áhættustýringu hjá fyrirtækinu og skila um það skýrslum til endurskoðunarnefndar. Að auki getur innri endurskoðun gegnt því hlutverki að safna saman nauðsynlegum upplýsingum fyrir nefndina. Ef formleg áhættustýring er til staðar veitir hún endurskoðunarnefnd upplýsingar um stjórnun áhættu. Ef ekki er til staðar innri endurskoðun eða áhættustýring bera framkvæmdastjóri og fjármálastjóri meginábyrgð á upplýsingagjöf til endurskoðunarnefndar.
- Upplýsingagjöf til endurskoðunarnefndar ætti að vera í formi kynninga eða skýrslna, sem farið er yfir á nefndarfundum. Form skýrslanna getur verið breytilegt og er það nefndarinnar að velja það form sem henni finnst gefa bestu niðurstöðuna.
- Mælt er með að endurskoðunarnefndin láti framkvæma ítarlega skoðun á innra eftirliti og áhættustýringu í starfsemi fyrirtækisins í heild með reglubundum hætti.

Innri endurskoðun

- Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem er ætlað að bæta rekstur fyrirtækja. Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnunarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig viðkomandi fyrirtæki í því að ná sínum markmiðum.

Skilgreining alþjóðasamtaka innri endurskoðanda (IIA)

- Samkvæmt framangreindri skilgreiningu er það meginhlutverk innri endurskoðunar að meta og bæta virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttanna viðkomandi fyrirtækis.
 - Meta fyrirkomulag (hönnun og innleiðingu).
 - Sannreyna virkni.
 - Byggja upp þekkingu þar sem við á.

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun (IPPF)
Staðall 2110, 2120, 2130

- Það fellur því að því verkefni endurskoðunarnefndar að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.

Mat endurskoðunarnefndar á innri endurskoðun

- Þar sem endurskoðunarnefndin tekur oft mið af starfi innri endurskoðunar við þennan þátt starfssviðs síns er mikilvægt að nefndin hafi gengið úr skugga um það að innri endurskoðun geti sinnt sínu hlutverki sem skyldi.
- Mikilvægt er að tilgreindir þættir séu til staðar svo að innri endurskoðun geti verið virk í stjórnslu viðkomandi fyrirtækis.
 - Óhæði þarf að vera tryggt í stjórnskipulagi fyrirtækisins.
 - Tryggja þarf að innri endurskoðun geti sinnt störfum sínum að hlutlægni.
 - Viðtækar heimildir þurfa að vera til staðar um aðgang að öllum gögnum fyrirtækisins svo hægt sé að ná markmiði innri endurskoðunarinnar
 - Innri endurskoðun þarf að hafa yfir að ráða nægilegri hæfni, fagmennsku og fjármunum til að geta sinnt sínum störfum.
- Þessir þættir þurfa að koma fram í erindisbréfi innri endurskoðunar, sem samþykkt er af stjórn viðkomandi fyrirtækis.
- Það er hlutverk endurskoðunarnefndar að tryggja að þessir þættir séu til staðar hjá innri endurskoðun fyrirtækisins, hvort sem hún er starfrækt innan viðkomandi fyrirtækis eða er úthýst til fagaðila

Samskipti endurskoðunarnefndar og innri endurskoðunar

- Að tryggja að erindisbréf innri endurskoðunar (eða samningur, ef um útvistun innri endurskoðunar er að ræða) sé þannig úr garði gert að innri endurskoðun geti verið virk innan fyrirtækisins.
- Að tryggja að innri endurskoðun hafi yfir að ráða hæfilegri þekkingu, hæfni, fjármunum, tíma og tímamörk, til að hún geti sinnt sínu hlutverki sem skyldi.
- Að fjalla um innri endurskoðunaráætlun ársins og áætlanir innri endurskoðunar til lengri tíma, ef um slíkar áætlanir er að ræða.
- Að fara með reglubundnum hætti yfir helstu niðurstöður úr skýrslum innri endurskoðunar og fylgja því eftir að athugasemdir og ábendingar séu innleiddar af stjórnendum fyrirtækisins.
- Að fara yfir innri endurskoðunarskýrslu ársins.

Deloitte.